



Alþingi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
B.t. allsherjar og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. júní 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, mál nr. 622.

Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, SVP - Samtök verslunar og þjónustu ásamt Viðskiptaráði Íslands („samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um frumvarp til nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, mál nr. 622 sem er til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Frumvarp til nýrra persónuverndarlaga felur í sér innleiðingu á nýrri reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679 um persónuvernd, svo nefnd persónuverndarreglugerð („reglugerðin“). Reglugerðin hefur að geyma ýmis ákvæði sem heimila aðildarríkjum að setja sérreglur ásamt því að takmarka eða útfæra nánar tiltekin ákvæði reglugerðarinnar en finna má upptalningu yfir þau atriði á bls. 36 í greinargerð með frumvarpinu. Þar er á ýmsum stöðum gengið lengra en nauðsyn er með íþyngjandi sérreglum umfram það sem nágrannaþjóðir á Norðurlöndum gera. Að sama skapi er það svigrúm sem reglugerðin heimilar til setningu ívilnandi undanþáguheimilda ekki nýtt nema að mjög litlu leyti. Að mati samtakanna er unnt að gæta að grundvallarréttindum einstaklinga til persónuverndar ásamt því að hugsa um hagsmuni atvinnulífsins.

Samtökin fengu tækifæri til að gera athugasemdir við upphafleg frumvarpsdrög í febrúar síðastliðnum og tóku jafnframt þátt í opinberu samráðsferli vegna málsins í mars með ítarlegri umsögn um málið. Margar breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu á vinnslustigi þess hafa verið til bóta, en þó standa eftir veigamikil atriði sem ekki hefur verið brugðist við.

Reglugerðin leggur verulegar auknar byrðar á fyrirtæki og leiðir óhjákvæmilega til mikils kostnaðarauka fyrir atvinnulífið. Það hefur áhrif á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs hvernig reglugerðin er innleidd og engin rök mæla til þess að ganga lengra hér á landi en annars staðar. En afar mikilvægt er reglugerðin verði lögfest hið fyrsta enda gætu tafir á því leitt til röskunar á starfsemi fyrirtækja sem eiga í viðskiptum við aðila í ríkjum innan Evrópusambandsins.

Samtökin hvetja því eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt áður en þingið fer í sumarhlé, en að breytingar verði gerðar á því í samræmi eftirfarandi tillögur:

4. gr. frumvarpsins: Vinnsla persónuupplýsinga látinna einstaklinga

Samtökin leggja til að 3. mgr. 4. gr. sem fjallar um vinnslu persónuupplýsinga látinna einstaklinga, verði felld brott og lögin taki því ekki til einstaklinga eftir andlát þeirra.

Gert er ráð fyrir því í 27. lið formála reglugerðarinnar að aðildarríki geti ákveðið að hún gildi einnig um persónuupplýsingar látinna einstaklinga. Í reglugerðinni er því ríkjum veitt svigrúm til að setja íþyngjandi sérreglur. Í frumvarpinu er miðað við að lögin taki til vinnslu persónuupplýsinga látinna einstaklinga fimm ár eftir andlát sbr. 3. mgr. 4. gr. Samtökin telja



engin rök til þess að ganga svo langt hér á landi í þessu tilliti. Þá má geta þess að norsku lögin taka ekki til vinnslu um látna einstaklinga auk þess sem samtökin vita ekki til þess að reynt hafi á réttarvernd látinna einstaklinga í framkvæmd nema að afar takmörkuðu leyti hvort sem er í úrskurðum Persónuverndar eða fyrir dómstólum.

10. gr. frumvarpsins: Samþykki barna

Samtökin leggja til að skilgreining b-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2015/1535 verði tekin upp í athugasemdir við 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins og tekinn af vafi um það að ekki þurfi að afla samþykkis foreldra/forsjáraðila fyrir þjónustu í upplýsingasamfélaginu, við börn yngri en 13 ára, nema sú þjónusta sé veitt gegn fjárhagslegu endurgjaldi.

Í greinargerð með 5. mgr. 10. gr. í frumvarpinu kemur fram sérregla um samþykki barna fyrir þjónustu sem veitt er í upplýsingasamfélaginu. Í 25 lið 4. gr. reglugerðarinnar er vísað til „þjónustu í upplýsingasamfélaginu“ sem þjónustu eins og hún er skilgreind í b-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 um sama efni. Í b-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram að þjónusta í upplýsingasamfélaginu er m.a. háð því skilyrði að hún sé veitt gegn endurgjaldi en í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu er ekki vikið að því skilyrði. Leggja samtökin til að skilgreining b-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2015/1535 verði tekin upp í athugasemdir við 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

12. gr. frumvarpsins: Vinnsla persónuupplýsinga um refsiverða háttsemi

Samtökin leggja til að orðið „auðsjáanlegra“ í 2. tölu. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins verði tekið út.

Í greinargerð með ákvæði þessu í frumvarpinu kemur fram að ákveðið hafi verið að taka út orðið „auðsjáanlegra“ á undan orðunum „vegi þyngra“ í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. Þetta hefur ekki verið gert í texta ákvæðisins og þarf að lagfæra.

17. gr. frumvarpsins: Takmarkanir á réttindum hinna skráðu

Samtökin leggja til eftirfarandi breytingar á 17. gr. frumvarpsins:

- i. Orðið „brýnir“ verði felld brott í 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Málsgreinin hljómar svo eftir breytingu: „Ákvæði 1.- 3. mgr. 13. gr. 1.- 4. mgr. 14. gr. og 15. gr. reglugerðarinnar um réttindi hins skráða gilda ekki ef hagsmunir einstaklinga tengdir upplýsingunum, þar á meðal hins skráða sjálfs, vega þyngra.“
- ii. Orðið „grundvallarréttinda“ verði felld brott í 6. tölul. 4. mgr. 17. gr. og í þess stað komi orðið „einkahagsmuna“. Töluliðurinn hljóðar svo eftir breytingu: „6. verndar skráðs einstaklings, brýnna almannahagsmuna eða einkahagsmuna annarra.“
- iii. Bætt verði við nýjum málslið í 4. mgr. 17. gr. um undirbúningsgögn: „Undanþágan gildir jafnframt um upplýsingar í málum sem eru á undirbúningsstigi eða finna má í vinnugögnum og öðrum sambærilegum skjölum sem unnin eru af öðrum ábyrgðaraðilum en stjórnvöldum eða aðilum á þeirra vegum t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.“ Málsgreinin hljóðar svo eftir breytingu: „Upplýsingar í málum sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum má undanþiggja réttinum til aðgangs samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar að sama marki og gildir um undantekningar á upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum og stjórnsýslulögum. Undanþágan gildir jafnframt um upplýsingar í málum sem eru á undirbúningsstigi eða finna má í vinnugögnum og öðrum sambærilegum skjölum sem unnin eru af öðrum ábyrgðaraðilum en stjórnvöldum eða aðilum á þeirra vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.“



Að mati samtakanna hefur verið litið fram hjá augljósum rétti fyrirtækja þegar kemur að takmörkunum á réttindum hinna skráðu. Í 23. gr. reglugerðarinnar er það vald sett í hendur einstakra ríkja að setja reglur um takmarkanir á réttindum hinna skráðu að því marki sem það telst nauðsynlegt og hóflegt. Í frumvarpinu er lagt til að svigrúm til takmörkunar á réttindum einstaklinga verði nýtt þegar kemur að hinu opinbera með vísan til þeirra takmarkana sem upplýsingalög gera ráð fyrir. Í tilviki fyrirtækja er aftur á móti lagt til að hagsmunir þeirra geti einungis takmarkað réttindi einstaklinga ef þeir eru „brýnir“, sbr. 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins eða teljast til „grundvallarréttinda“, sbr. 6. tl. 4. mgr. 17. gr. sem gengur mun skemur en takmarkanir upplýsingalaga þar sem horft er til *einkahagsmuna* einstaklinga og/eða fyrirtækja og *almannahagsmuna*. Engin rök eru fyrir því að gera svo ríkan greinarmun á opinberum aðilum og einkaaðilum þegar kemur að aðgangsrétti einstaklinga og eftir atvikum takmörkun á honum heldur þvert á móti ættu rök frekar að standa til að takmarkanir sem gilda um opinbera aðila væru þrengri en gilda um einkaaðila. Þá virðist ákvæðið í mótsögn við greinargerð frumvarpsins þar sem segir að „[h]já einkaaðilum getur reynt á svipaða hagsmuni og hjá stjórnvöldum í tengslum við veitingu aðgangs að gögnum“ sem einnig er í samræmi við athugasemdir í frumvarpi við 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Þar kemur fram að hugtakið vinnugögn nái til gagna sem bæði stjórnvöld og lögaðilar hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls en almenningur á hvorki rétt til aðgangs að vinnugögnum stjórnvalda né annarra lögaðila nema í fáum undantekningartilvikum.

Í nágrannaríkjunum eru fyrirtæki jafnvel sett og stjórnvöld þegar kemur að takmörkunum á réttindum hinna skráðu. Í Danmörku segir t.d. einfaldlega að takmörkunin á rétti einstaklings til aðgangs eigi við vegna verndar réttinda og frelsis hins skráða eða annars aðila (*d., beskyttelse af den registreredes eller andres rettigheder og frihedsrettigheder*”, sbr. 9. tölul. 22. gr. dönsku persónuverndarlaganna nr. 502/2018 og því engin fyrirvari gerður um að hagsmunirnir þurfi að vera „brýnir“. Þar er jafnframt hugað vel að mikilvægum hagsmunum fyrirtækja með því að undanþiggja vinnugögn réttinum til aðgangs. Benda má til dæmis á e-lið 16. gr. norska frumvarpsins í þessu sambandi en samkvæmt þeirri grein ná réttindi hinna skráðu ekki til persónuupplýsinga sem finnast í undirbúningsgögnum sem eingöngu hafa verið tekin saman vegna afgreiðslu máls og ekki afhent öðrum enda séu þau liður í að geta tryggt öruggar innri ákvarðanir (n. „*utelukkende finnes i tekst som er utarbeidet for intern saksforberedelse, og som heller ikke er utlevert til andre, så langt det er nødvendig å nekte innsyn for å sikre forsvarlige interne avgjørelsesprosesser*“). Í íslenska frumvarpinu er einungis lagt til að slík gögn geti takmarkað réttindi einstaklinga þegar þau eru nauðsynleg til að verjast réttarkröfum, sbr. athugasemdir við 17. gr. frumvarpsins. Er það alltof þröng undantekning að mati samtakanna sem telja nauðsynlegt að fyrirtæki geti unnið tiltekna persónuupplýsingar á undirbúningsstigi t.d. vegna ákvarðana í einstökum málum enda augljósir hagsmunir fyrirtækja af því veita ekki aðgang að undirbúningsgögnum þegar enn er unnið með þau. Þá verður ekki séð að hagsmunir einstaklinga séu fyrir borð bornir í slíkum tilvikum enda munu þeir eiga rétt á að aðgangi að persónuupplýsingum þegar niðurstaða í málum er þá varða liggur fyrir. Í mörgum tilvikum, ekki hvað síst í vinnuréttarlegu samhengi, má jafnvel halda því fram að persónuupplýsingar sem einstaklingar fái aðgang að á seinni stigum máls séu áreiðanlegri og gefi réttari mynd af einstaklingnum.

31. – 33. frumvarpsins: Leyfisskylda og ráðgjöf

Í 31- 33. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um íþyngjandi sérreglur er lúta að leyfisskyldri vinnslu og leggja samtökin til að þau verði felld brott. Ákvæðin fela í sér viðbótarskyldu á íslenska ábyrgðaraðila sem eru matskennd og skapa vafa, enda verður það undir aðilum sjálfum



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



komið að leggja mat á það hvort þeim beri skylda til að leita eftir leyfi Persónuverndar vegna vinnslu. Mörg fyrirtæki gætu gripið til þess ráðs að sækja um leyfi, þótt það sé ekki skylt þar sem ákvæðið er svo matskennt. Það mun hafa í för með sér óþarfa álag á Persónuvernd, sem nú þegar mun þurfa að sinna ýmsum nýjum verkefnum og skyldum á grundvelli nýrrar löggjafar. Mun þetta því vafalaust hafa áhrif á málshraða og skilvirkni stofnunarinnar.

Þá eru ákvæðin er varða leyfisskyldu ekki í anda ákvæða nýrra persónuverndarlöggjafar sem eiga að færa frumkvæðið að því að sýna fram á reglufylgni yfir til fyrirtækjanna. Auk þess liggja ekki nein haldbær rök fyrir því hvers vegna ganga þurfi lengra hér á landi. Samtökin telja heimildin einungis til þess fallna að leggja auknar byrgðar á fyrirtækin í landinu og skapa viðbótarverkefni fyrir Persónuvernd.

Sé ekki vilji til að falla frá ákvæðunum leggja samtökin til að í stað þess að ákvæði núgildandi reglna nr. 712/2008 um leyfisskylda vinnslu verði tekin upp í 31.-33. gr. frumvarpsins, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verði ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um að viss vinnsla skuli vera leyfisskyldar sambærilegt við 3. mgr. 31. gr. gildandi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

36. gr. frumvarpsins: Þagnarskylda persónuverndarfulltrúa

Samtökin leggja til að 36. gr. persónuverndarfrumvarpsins um þagnarskyldu verði endurskoðað til samræmis við 18. gr. norska persónuverndarfrumvarpsins:

§ 18 Personvernombudets taushetsplikt

Personvernombud plikter å hindre at andre får adgang eller kjennskap til det de i forbindelse med utførelsen av sine oppgaver får vite om

a) noens personlige forhold

b) tekniske innretninger, produksjonsmetoder, forretningsmessige analyser og beregninger og forretningshemmeligheter ellers når opplysningene er av en slik art at andre kan utnytte dem i sin egen næringsvirksomhet

c) sikkerhetstiltak etter personvernforordningen artikkel 32

d) enkeltpersoners varsling om overtredelser av loven her.

Taushetsplikten gjelder ikke dersom personvernombudet får samtykke fra den opplysningene gjelder, til å legge dem frem, eller dette er nødvendig for gjennomføring av personvernombudets lovpålagte oppgaver.

Taushetsplikten gjelder også etter at personvernombudet har avsluttet tjenesten eller arbeidet. Opplysninger som nevnt i denne paragraf kan heller ikke utnyttes i egen virksomhet eller i tjeneste eller arbeid for andre.

Með persónuverndarlögunum verður til nýtt starf, persónuverndarfulltrúi. Nær allir persónuverndarfulltrúar á Íslandi eru nýliðar. Það er því mikilvægt fyrir þá og fyrirtækin sem þeir vinna fyrir að regluverkið sé skýrt og nákvæmt. Í norska frumvarpinu er að finna mun ákvæði sem skýrir nákvæmlega í hvaða tilvikum þagnarskyldan eigi við en í íslenska frumvarpinu segir einfaldlega að „[p]ersónuverndarfulltrúa er óheimilt að segja frá nokkru því sem hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.“ Þagnarskylduákvæði 36. gr. frumvarpsins er því opið og matskennt og veitir persónuverndarfulltrúum og fyrirtækjum litla leiðsögn um hvernig þagnarskyldunni eigi að vera háttað. Er það sérstaklega varhugavert í ljósi þess að refsiaþbyrgð er lögð við brotum gegn ákvæðinu og ákvæðin hætta er á að erfitt reynist að fá persónuverndarfulltrúa til starfa. Samtökin telja það til mikilla bóta að lögfesta hér áþekkt ákvæði og í Noregi.



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



38. gr. frumvarpsins: Stjórn Persónuverndar

Í ljósi þeirra víðtæku áhrifa sem væntanleg löggjöf mun hafa, telja samtökin eðlilegt að heildarsamtök atvinnulífsins tilnefni fulltrúa til setu í stjórn Persónuverndar í stað Skýrslutæknifélags Íslands.

Í stað „Ráðherra sem fer með málefni netöryggis og fjarskipta tilnefnir einn stjórnarmann. Þá tilnefnir Skýrslutækifélag Íslands einn stjórnarmann og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála“ komi í 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins: „Þá tilnefna Samtök atvinnulífsins einn stjórnarmann.“

40. gr. frumvarpsins: Gjaldtaka

Samtökin leggja til að 40. gr. frumvarpsins falli brott í heild sinni en í stað hennar komi: „Ráðherra getur sett gjaldskrá sem mælir fyrir um að ábyrgðaraðili greiði kostnað við afgreiðslu einstakra verkefna sem unnin er að beiðni fyrirtækja.“

Í 40. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra geti ákveðið að fyrirtæki beri kostnað við eftirlit. Sú tilhögun er í andstöðu við meginreglu íslensks stjórnisýsluréttar um að starfsemi hins opinbera sé veitt án þess að endurgjald komi fyrir. Samtökin benda á að fyrirtæki þurfa að leggja í mikinn kostnað til að standast kröfur nýrra persónuverndarlaga, sem leggst hlutfallslega þyngst á lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá sé ekki að finna sambærilega gjaldtökuheimild í lögum í nágrannaríkjum okkar.

Persónuvernd hefur almennt ekki beitt gjaldtökuheimild 4. mgr. 37. gr. gildandi laga í frumkvæðismálum er lúta að úttektum á upplýsingaöryggi. Það til nýverið bjó Persónuvernd ekki yfir sérfræðinga á sviði upplýsingaöryggis og var því gert ráð fyrir að hún gæti þurft að reiða sig á aðkeypta ráðgjöf í slíkum málum. Verður ekki séð að þörf sé til þess að greitt sé fyrir eftirlit sem Persónuvernd hefur með ákvæðum reglugerðarinnar enda hefur stofnunin nú aðgang að slíkri sérfræðiþekkingu meðal starfsmanna.

41. gr. frumvarpsins: Valdheimildir Persónuverndar

Samtökin leggja til að 3. mgr. 41. gr. falli brott úr frumvarpinu.

Í 58. gr. reglugerðarinnar er að finna reglur um valdheimildir eftirlitsstjórnvalds. Þar kemur fram í 6. mgr. að aðildarríki geti kveðið á um að eftirlitsstjórnvöld hafi fekari valdheimildir en reglugerðin áskilur. Sú heimild hefur verið nýtt en í 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins er gengið mun lengra en samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar og lögreglustjóra heimilað að stöðva til bráðabirgða starfsemi og innsigla starfsstöð. Ekki eru sett fram haldbær rök fyrir því hvers vegna veita eigi Persónuvernd þessa heimild enda eru ákvæði reglugerðarinnar ítarleg og veiti stofnuninni víðtækar rannsóknarheimildir, sbr. upptalningu í 58. gr. reglugerðarinnar.

Af þeim sökum leggja samtökin til að 3. mgr. 41. gr. falli brott úr frumvarpinu. Fallist Alþingi ekki á að fella brott ákvæðið mætti milda orðalag þess og bæta við málsliðnum „[...] hafi viðkomandi ekki farið að fyrirmælum Persónuverndar“.

Ákvæðið hljóðar svo með breytingum: „Komi í ljós að vinnsla persónuupplýsinga brjótí í bága við ákvæði reglugerðarinnar, laga þessara eða reglna settar samkvæmt þeim er Persónuvernd



heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað hafi viðkomandi ekki farið að fyrirmælum Persónuverndar.“

44. gr. frumvarpsins: Þagnarskylda Persónuverndar

Samtökin leggja til að 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins verði breytt og hún verði orðuð svohljóðandi: „Stjórnarmönnum og starfsmönnum Persónuverndar, svo og öðrum sem vinna verkefni á vegum stofnunarinnar er skylt að halda trúnað og gæta fyllstu þagnarmælsku um öll trúnaðargögn, trúnaðarupplýsingar og trúnaðarmál sem þau verða áskynja í starfi sínu og leynt skulu fara, sbr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þagnarskyldan helst þótt hlutaðeigandi hafi látið af starfi. Starfsfólk skal enn fremur umgangast allar aðrar upplýsingar um einstaklinga og lögaðila með aðgát og virðingu, jafnvel þótt um sé að ræða opinberar upplýsingar.“

Ákvæði frumvarpsins sem lýtur að þagnarskyldu starfsfólks Persónuverndar, sbr. 44. gr. frumvarpsins er ekki jafn ítarlegt og t.d. sambærileg ákvæði í lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Í 3 kafla þeirra laga kemur fram að þagnarskylda ríki um allar upplýsingar sem Hagstofan aflar og jafnframt er starfsmönnum Hagstofunnar gerð refsiaðbyrgð ef þau brjóta gegn ákvæðum laganna. Færa má rök fyrir því að þagnarskylduákvæði um starfsemi og starfsmenn Persónuverndar þurfi að vera strangt enda vinna starfsmenn stofnunarinnar með viðkvæmar persónuupplýsingar.

45. gr. frumvarpsins: Dagsektir

Samtökin leggja til að 45. gr. frumvarpsins um dagsektir verði felld brott.

Í frumvarpinu er lagt til að Persónuvernd geti lagt á dagsektir allt að 200.000 kr. á dag til viðbótar gríðarlega háum stjórnvaldssektum auk þess sem stórfelld brot á lögnum geta varðað fangelsisrefsingu allt að 3 árum. Samtökin telja í ljósi nýrra valdheimilda séu engin rök fyrir því að hafa jafnframt ákvæði um dagsektir í frumvarpinu, hvað þá leggja til tvöföldun þeirra. Enga slíka heimild til dagsekta er að finna í nýjum persónuverndarlögum í Danmörku og Noregi.

48. gr. frumvarpsins: Stjórnvaldssektir og refsiaðbyrgð

Samtökin leggja til að:

- i) Í stað orðanna „varðað fangelsi allt að 3 árum“ komi „varðar fangelsi allt að 6 mánuðum“ í 1. mgr. 48. gr.
- ii) 3. mgr. 48. gr. um brot einstaklings á þagnarskyldu verði felld brott eða í öllu falli verði felld brott orð 1. málsliðar „eða fangelsi allt að einu ári“ og í 2. málslið falli brott „3 árum“ og komi í þess stað „6 mánuðum“.

Eitt stærsta nýmæli persónuverndarreglugerðarinnar er heimild Persónuverndar til að leggja á stjórnvaldssektir allt að 4% af árlegri heildarveltu eða 1,2 milljarða króna samkvæmt frumvarpinu. Persónuverndarreglugerðin felur ríkjum heimild til að lögfesta íþyngjandi refsiviðurlög þar að auki. Það kemur ekki á óvart að flest ríkin hafa ákveðið að nýta sér slíkar heimildir nema að afar takmörkuðu leyti.

Þá geti stórfelld brot á lögnum jafnframt varðað fangelsisrefsingu allt að 3 árum. Samtökin leggjast ekki gegn sérreglu um fangelsisvist, þrátt fyrir að hún sé svo sannarlega íþyngjandi,



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



en telja engin rök fyrir því að hafa fangelsisrefsingu lengri hér en í Danmörku þar sem heimilt er að dæma menn í fangelsi í allt að 6 mánuði í þröngt afmörkuðum tilvikum.

Nýtt ákvæði: Vinnsla persónuupplýsinga í atvinnutengdu samhengi (vinnuréttarsamband)

Samtökin telja mikilvægt að lögfest verði áþekkt ákvæði og er að finna í 12. gr. danska persónuverndarfrumvarpsins um vinnslu upplýsinga í atvinnutengdu samhengi (vinnuréttarsamband).

Behandling af personoplysninger i forbindelse med ansættelsesforhold omfattet af artikel 6, stk. 1, og artikel 9, stk. 1, i databeskyttelsesforordningen kan finde sted, hvis behandlingen er nødvendig for at overholde den dataansvarliges eller den registreredes arbejdsretlige forpligtelser eller rettigheder som fastlagt i anden lovgivning eller kollektive overenskomster.

Stk. 2. Behandling af oplysninger som nævnt i stk. 1 må også finde sted, hvis behandlingen er nødvendig for, at den dataansvarlige eller en tredjemand kan forfølge en legitim interesse, som udspringer af anden lovgivning eller kollektive overenskomster, medmindre den registreredes interesser eller grundlæggende rettigheder og frihedsrettigheder går forud herfor.

Stk. 3. Behandling af personoplysninger i ansættelsesforhold kan finde sted på baggrund af den registreredes samtykke i overensstemmelse med artikel 7 i databeskyttelsesforordningen.

Að mati samtakanna hefur ekki verið tekið nægjanlegt tillit til vinnslu persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi við gerð frumvarpsins og vísa þar til 88. gr. reglugerðarinnar. Það er markmið reglugerðarinnar að uppfæra löggjöfina til samræmis við nýja tækni sem auðveldar vinnslu persónuupplýsinga. Vinnsla persónuupplýsinga í markaðslegum tilgangi hefur tekið stakkaskiptum á undanförmum árum en vinnsla persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi hefur lítið sem ekkert breyst. Aðildarríkjunum er í 88. gr. frumvarpsdraganna veitt svigrúm til setningu sértækra reglna um að heimila vinnslu persónuupplýsinga í atvinnutengdu samhengi á grundvelli lögmætra hagsmuna ábyrgðaraðila eða hins skráða og/eða á grundvelli samþykkis hinna skráðu, í þessu tilviki starfsmanna, er kunna að fela í sér undantekningar frá ákvæðum reglugerðarinnar.

Í afmörkuðum tilvikum getur þá verið nauðsynlegt við ráðningar starfsfólks að afla sakavottorðs hjá umsækjendum. Samtökin leggja til að nýtt verði heimild 88. gr. reglugerðarinnar og bætt verði við eftirfarandi ákvæði við 12. gr. frumvarpsins: „Vinnuveitanda er heimilt við ráðningar að óska eftir sakavottorði þegar um ráðningu er að ræða í starf sem sérstakar öryggiskröfur eru gerðar til samkvæmt lögum.“

Samtökin leggja til að svohljóðandi ákvæði:

„Vinnsla persónuupplýsinga í atvinnutengdu samþykki, sem fer fram í samræmi við 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, er heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja skyldum sem hvíla á ábyrgðaraðila eða hinum skráða samkvæmt ákvæðum laga á sviði vinnuréttar, öðrum lögum eða samningum á sviði vinnuréttar.

Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt 1. mgr. er jafnframt heimil ef sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna ábyrgðaraðila eða þriðja aðila sem leiða af annars konar löggjöf eða kjarasamningum nema grundvallarréttindi hins skráða vega þyngra.“



Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Önnur valkvæð atriði í reglugerðinni

Í reglugerðinni má finna önnur valkvæði ákvæði sbr. sérreglur um notkun kennitölu (13. gr. frumvarpsins), sérreglur um rafræna vöktun (14. gr. frumvarpsins), takmarkanir (23. gr. reglugerðarinnar), heimild stofnana, samtaka eða félaga til að leggja fram kvörtun fyrir hönd skráðs einstaklings (2. mgr. 39. gr. frumvarpsins), þagnarskyldu ábyrgðaraðila og vinnsluaðila (90. gr. reglugerðarinnar), miðlun sérstakra flokka persónuupplýsinga til þriðja lands eða alþjóðastofnunar (5. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar), heimild til álagningu stjórnvaldssekta á stjórnvöld (7. mgr. 58. gr. reglugerðarinnar), heimildir til að setja ítarlegri kröfu varðandi lögmæti vinnslu (2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar), sérreglur um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga (2-4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar) og sérreglur um aldurstakmark (8. gr. frumvarpsins). Samtökin telja ekki ástæðu til að gera sérstaka tillögu um breytingar á þessum ákvæðum.

Virðingarfyllst,

Berglína Halldórsdóttir

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Þórunn Rífford

f.h. Samorku

Ásvaldur Elías

f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Waldís Halldórsdóttir

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Jónleif Svavars

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Þjórg A. Þóðardóttir

f.h. Samtaka lönaðarins

Ásvaldur Elías

f.h. Samtök verslunar og þjónustu

Marta Guðmún Blöndal

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

Dómsmálaráðuneytið
b.t. skrifstofu réttinda einstaklinga

postur@dmr.is

Reykjavík, 23. mars 2018

Efni: Drög að frumvarpi til nýrra persónuverndarlaga

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustu, Samtök fjármálafyrirtækja, SVP - Samtök verslunar og þjónustu, Samorka, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi ásamt Viðskiptaráði Íslands („samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um drög að frumvarpi til nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.¹ Fyrirliggjandi frumvarp til nýrra persónuverndarlaga felur í sér innleiðingu á umfangsmikilli reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679 um persónuvernd, svo nefnd persónuverndarreglugerð („reglugerðin“).

Samtökin vilja í upphafi þakka fyrir að hafa fengið tækifæri á sérstakri kynningu og að koma á framfæri athugasemdum sínum við fyrri drög að frumvarpi til persónuverndarlaga í febrúar. Samtökin lýsa þó að sama skapi yfir miklum vonbrigðum því nær ekkert tillit var tekið til þeirra fjölmörgu athugasemda sem þá bárust. Telja Samtökin að stjórnvöld hafi þurft á fyrri stigum að eiga virkt samtal við atvinnulífið um útfærslu reglugerðarinnar og innleiðingu í íslenskan rétt.

Reglugerðinni er ætlað að hafa mjög víðtækt gildissvið og auka enn frekar réttindi einstaklinga við meðferð persónuupplýsinga. Hún mun samhliða breyta viðhorfi og vitund um vinnslu og geymslu slíkra gagna. Kallar reglugerðin á aukna fræðsla um tilgang og efni persónuverndarreglnanna, bæði á vinnumarkaði og innan skólakerfisins. Reglugerðin felur þó í sér auknar byrgðar á atvinnulífið og leiðir af sér aukinn kostnað, sér í lagi í upphafi þegar fyrirtæki eru að aðlagast nýjum reglum. Hefur því innleiðing reglugerðarinnar áhrif á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og er það hlutverk stjórnvalda að gæta þess að ekki sé gengið lengra en þörf er á samkvæmt EES reglum og að samræmi sé á innri markaði sem íslensk fyrirtæki starfa á.

Sú leið sem farin er í frumvarpsdrögum er að lögfesta reglugerðina með tilvísunaraðferð ásamt því að umrita valdar greinar úr henni að hluta eða að öllu leyti. Þá er í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsdraganna vísað til þess að ákvæði persónuverndarreglugerðarinnar gangi frammar lögnum. Á sama tíma er vikið frá ýmsum ákvæðum hennar í lögnum. Samtökin telja að þetta muni fyrrsjáanlega valda mikilli réttaróvissu og misskilningi í framkvæmd og efast í raun um að þessi innleiðingaraðferð standist kröfur íslenskrar stjórnskipunar og 7. gr. EES samningsins þar sem mælt er fyrir um að reglugerð skuli tekin upp sem slík í landsrétt samningsaðila.

Samtökin eru þeirra skoðunar að rétt sé að veita reglugerðinni gildi með tilvísunaraðferð og lögfesta svo sérstaklega þær útfærslur, ívilnandi sérreglur og takmarkanir sem settar verða. Slík

¹ Við gerð umsagnarinnar leituðu Samtökin álits hjá Auðbjörgu Friðgeirsdóttur hjá PwC, Birnu Maríu Sigurðardóttur, Eygló Sif Sigfúsdóttur, Sigríði Björg Hostert og Karl Óla Lúðvíksson öll hjá Deloitte, Helgu Grethe Kjartansdóttir hjá Simanum, KPMG, LOGOS og Örnú Hrönn Ágústsdóttir hjá Origo.



aðferð myndi að mati samtakanna auðvelda almennum borgurum sem og fyrirtækjum að skilja hvaða reglur gildi auk þess sem löggjöfin yrði í heildina lítið mun skýrari og betri í framkvæmd.

Ennfremur væri það til þess fallið að bregðast við þeirri stöðu sem uppi er, að ófullbúin frumvarpsdrög, sem víkja í mörgum atriðum frá reglugerðinni, eru birt einungis tveimur mánuðum fyrir gildistöku reglugerðarinnar. Væri tilvísunaraðferðin til þess fallin að auka skýrleika reglnanna hérlandis, er í samræmi við íslenska stjórnskipun og EES samninginn sem og er einfaldari lagasetningaraðferð.

Samtökin áréttu mikilvægi þess fyrir atvinnulífið að frumvarpið verði orðið að lögum innan þess tímafrests sem reglugerðin setur. Ef löggjöfin verður ekki í samræmi við skuldbindingar okkar gagnvart EES-samningnum mun Ísland flokkast sem þriðja ríki og getur það falið í sér umtalsvert fjárhagslegt tjón fyrir hið opinbera, atvinnulífið og viðsejndur þeirra ásamt því að veikja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegri starfsemi. Áhrifin væru ekki hvað síst fölgín í ómældri óvissu sér í lagi í tengslum við alla samningsgerð.

Samtökin hafa ávallt lagt ríka áherslu á að reglugerðir og tilskipanir ESB séu innleiddar með eins lítið íþyngjandi hætti og kostur er enda er með því staðið vörð um samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samtökin lýsa því yfir mikilli andstöðu við að í frumvarpsdrögum sé í mörgum tilvikum gengið lengra í innleiðingunni en þörf er á með setningu íþyngjandi sérreglna. Að sama skapi er í frumvarpsdrögum það svigrúm sem reglugerðin heimilar til setningu ívilnandi undanþáguheimilda fyrir atvinnulífið lítið sem ekkert nýtt. Ef af verður er afleiðingin sú að íslensk fyrirtæki munu búa við meira íþyngjandi regluverk en samkeppnisaðilar þeirra í öðrum ríkjum. Það er ekki í anda stefnu núverandi ríkisstjórnar sem leggur mikla áherslu í stjórnarsáttmála að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í ljósi þessa ættu athugasemdir samtakanna að fá góðan hljómgrunn.

Samtökin vilja þá sérstaklega benda á að stuttur tímafrestur ýti undir þau sjónarmið að ekki séu gerðar strangari kröfur til íslenskra fyrirtækja en fram kemur í reglugerðinni enda hvorki raunhæft né sanngjarnt að fyrirtæki geti brugðist við öllum þeim breytingum þegar tími til stefnu er eins stuttur og raun ber vitni.

Þá vilja samtökin benda á að í ljósi umfangs málsins og skamms tímafrests er afar brýnt að Persónuvernd setji fræðslu- og leiðbeiningarhlutverk sitt í forgrunn. Veita verði fyrirtækjum svigrúm næstu misseri við að standast kröfur laganna en ósanngjarnt er að ætlast til þess að atvinnulífið hefði átt að vera búið að kynna sér reglugerðina frá árinu 2016 og ná að undirbúa sig í tæka tíð.

Samtökin vonast til að tekið verði tillit til þessarar umsagnar við meðför málsins á Alþingi enda miklir hagsmunir í húfi fyrir atvinnulífið, hið opinbera og samfélagið í heild að vandað verði vel til verka við innleiðingu reglugerðarinnar. Þá hafa samtökin tekið saman yfirlit yfir þau efnisatriði sem þau telja sérlega mikilvægt að verði endurskoðuð í frumvarpsdrögum, sbr. sjá meðfylgjandi viðauka.



Virðingarfyllst,

Dóttir Þórunn

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Baldur Þorsteinsson

f.h. Samorku

Ásgerður Elva

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Vigdís Halldórsdóttir

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Jón Kristinn Sverrisson

Jón Kristinn Sverrisson

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Þjórgunnur A. Þorðardóttir

f.h. Samtök iðnaðarins

Ásgerður Elva

f.h. SVP – Samtök verslunar og þjónustu

Marta Guðmunda Blöndal

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

Viðauki 1 – athugasemdir við einstakar greinar

1 Efnislegt gildissvið

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsdraganna er að finna mikilvæga undanþágu frá gildissviði laganna. Þar segir að upplýsingar sem varði einkahagi einstaklings eða fjölskyldu hans eða eru eingöngu notaðar til persónulegra nota séu undanþegnar gildissviði laganna. Undanþáguheimildirnar skipta miklu máli fyrir fyrirtæki og réttindi einstaklinga. Mikilvægt er að afmarkað sé með skýrum hætti í greininni sjálfri eða í athugasemd með henni hvaða meðferð persónuupplýsinga falli utan gildissviðs laganna.

2 Vinnsla persónuupplýsinga um látna menn

Samtökin benda á að í 27. gr. aðfararorða reglugerðarinnar er sérstaklega tiltekið að reglugerðin eigi ekki við látna einstaklinga. Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að nýtt verði heimild skv. 27. gr. aðfararorðanna til að útvíkka gildissvið reglugerðarinnar með íþyngjandi hætti fyrir ábyrgðaraðila. Bent er á að í norska frumvarpinu er **ekki gert ráð fyrir að lögin nái til látinna einstaklinga**. Að mati samtakanna er rétt að fara sömu leið hér enda standa ekki haldbær rök að mati samtakanna til að skerða heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í þessum tilvikum. Ef ekki verður fallist á þau rök ber í öllu falli að takmarka gildissviðið að hámarki við 5 ár frá andláti líkt og lagt er til í Svíþjóð. Ef gildissvið laganna á jafnframt að ná til látinna einstaklinga leggja samtökin til að undanþáguheimildin geti jafnframt leitt til þess að heimilt sé að stytta viðmiðið. Þá er undanþáguheimild ákvæðisins of matskennd og opin og erfið í framkvæmd.

3 Landfræðilegt gildissvið

Nauðsynlegt er að landfræðilegt gildissvið laganna verði skýrt nánar í frumvarpsdrögum, en þar segir að lögin gildi um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við starfsemi ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila hér á landi, á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu óháð því hvort vinnslan sjálf fer fram þar. Ef um er að ræða félag með starfsemi í mörgum ríkjum kann að vera afar óljóst hvaða landslög skuli gilda.

Í danska frumvarpinu hefur verið farin sú leið að tilgreina að dönsku lögin gildi um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við starfsemi aðila með **staðfestu** í Danmörku. Þetta hefur einnig verið gert í norska frumvarpinu.

4 Viðkvæmar persónuupplýsingar

Samtökin telja nauðsynlegt að skýrt sé nánar í greinargerð hvað sé átt við með afdráttarlausu samþykki í skilningi 9. gr. reglugerðarinnar og 11. gr. frumvarpsdraganna. Þannig er ekki ljóst hver munurinn er í raun á „ótvíræðu“ og „afdráttarlausu“ samþykki. Skoða mætti hvort ekki sé ástæða til að samræma orðanotkun til að koma í veg fyrir rugling við túlkun ákvæðanna.

Þá vilja samtökin benda á að skýrara væri að fjalla um sérstaka flokka persónuupplýsinga í 11. gr. frumvarpsdraganna líkt og gert er í drögum að þýðingu á reglugerðinni, í stað viðkvæmar persónuupplýsingar.

5 Vinnsla upplýsinga um refsiverða háttsemi

Gera þarf veigamiklar breytingar á 12. gr. frumvarpsdraganna um vinnslu upplýsinga um refsiverða háttsemi.

Í fyrsta lagi má nefna 5. mgr. 12. gr. frumvarpsdraganna þar sem segir að „vinnsla samkvæmt þessari grein skal ávallt eiga sér stoð í einhverri af heimildum 1. mgr. 9. gr. laga þessara, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.“ Hins vegar segir einnig ofar í 3. mgr. sama ákvæðis að einkaaðilar megi ekki vinna með slíkar upplýsingar nema hinn skráði hafi veitt til þess ótvírætt samþykki sitt eða vinnslan sé nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna sem auðsjáanlega vega þyngra en einkalífsréttur hins skráða. Að mati samtakanna er það algjörlega ótækt út frá skýrleika lagaheimilda og réttaröryggis að ekki sé nægjanlegt að finna stoð fyrir miðlun persónuupplýsinga í 2. mgr. ákvæðisins. 5. mgr. 12. gr. frumvarpsdraganna gerir því greinina marklausa í réttarframkvæmd.

Í öðru lagi vilja samtökin benda á það ósamræmi sem er lagt í merkingu samþykkis og lögmæta hagsmuni í 9. gr. reglugerðarinnar og 12. gr. frumvarpsdraganna. Óljóst er hvað átt sé við um „ótvírætt“ samþykki í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsdraganna en í 9. gr. reglugerðarinnar er talað um „afdráttarlaust“ samþykki. Þá er óljóst hvaða merkingu áhersluorðið „auðsjáanlegra“ á undan orðunum „vegi þyngrri“ í 2. tl. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsdraganna eigi að hafa.

Í þriðja lagi er mismunandi orðalagsnotkun notuð í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsdraganna og 12. gr. persónuverndarreglugerðarinnar en í frumvarpsdrögum er talað um „einkalífsrétt hins skráða“ en í reglugerðinni er talað um „grundvallarréttindi og frelsi hins skráða“.

Þá vilja samtökin taka fram að í afmörkuðum tilvikum getur verið nauðsynlegt við ráðningar starfsfólks að afla sakavottorðs hjá umsækjendum. Samtökin leggja til að nýtt verði heimild 88. gr. reglugerðarinnar og bætt verði við eftirfarandi ákvæði: „Vinnuveitanda er heimilt við ráðningar að óska eftir sakavottorði þegar um ráðningu er að ræða í starf sem sérstakar öryggiskröfur eru gerðar til samkvæmt lögum.“

6 Flutningsréttur

Í 20. gr. frumvarpsdraganna er ekki tekinn upp réttur hins skráða til að veita ábyrgðaraðila fyrirmæli um að senda gögn hans beint á annan ábyrgðaraðila, eins og mælt er fyrir um í persónuverndarreglugerðinni. Ef ekki verður fallist á að breyta lagasetningaraðferð er lagt til að þetta verði skýrt í lagatextanum sjálfum.

7 Bein markaðssetning

Samspil 22. gr. frumvarpsdraganna við fjarskiptalög nr. 81/2003, sbr. 46. gr. þeirra laga, og sú tilvísun sem er í frumvarpinu til fjarskiptalaga, útilokar í raun beina markaðssetningu til annarra en núverandi viðskiptavina, nema á grundvelli ótvíræðs samþykkis sem uppfyllir kröfur persónuverndarlaganna. Þótt 2. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga eigi að veita meira svigrúm til handa aðilum við notkun tölvupóstfanga, þá útilokar ákvæðið um leið möguleikann á því ef félag veitti ekki áskrifanda andmælarétt þegar skráning netfangs átti sér stað. Þar sem óheimilt er að nálgast núverandi viðskiptavini í þeim eina tilgangi að afla samþykkis fyrir beinni markaðssetningu er í raun ómögulegt fyrir félög að átta sig á hvernig tryggja eigi lögmæti slíkra samskipta, og á hvaða tímavarki, án þess að eiga í hættu álagningu stjórnvaldssekta. Þessu mætti gjarnan breyta, enda fjarskiptalögin úrelt að þessu leyti og engar kvaðir á Íslandi hvað fjarskiptalögin varða sem útiloka að þessu sé breytt með yngri lagasetningu en fjarskiptalögum. Þá virðist ekki stefnt að því að fjalla um slík samskipti í drögum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að nýrri reglugerð um vernd friðhelgi og

persónuupplýsinga í fjarskiptum (s.k. „e-Privacy“ reglugerð), sem mun leysa af hólmi núgildandi tilskipun nr. 2002/58/EB, ef hún verður yfir höfuð samþykkt af Evrópuþinginu.

8 Vinnsluskrá

Samkvæmt 26. gr. frumvarpsins skal sérhver ábyrgðaraðili og vinnsluaðili halda skrá yfir vinnslustarfsemi sem fer fram á ábyrgð hans, þ.e. svokallaða vinnsluskrá. Varðandi kröfur um innihald, form, aðgengileika o.fl. er vísað til 30. gr. reglugerðarinnar.

Í 5. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar er að finna undanþágu frá þessari skyldu til að halda vinnsluskrá. Eiga þannig fyrirtæki eða stofnanir með færri en 250 starfsmenn ekki að halda vinnsluskrá enda feli vinnsla þeirra ekki í sér áhættu fyrir réttindi og frelsi skráðra einstaklinga, er tilfallandi eða tekur ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar eða persónuupplýsinga sem varða sakfellingar í refsimálum skv. 10. gr. reglugerðarinnar.²

Mörg fyrirtæki vinna persónuupplýsingar í litlu umfangi og þá sérstaklega á Íslandi þar sem yfirgnæfandi meiri hluti fyrirtækja eru örfyrirtæki.³ Það er skoðun samtakanna að 30. gr. reglugerðarinnar útiloki í framkvæmd einhverja aðila frá skyldu til að halda skrá yfir vinnslustarfsemi. Sú túlkun er í samræmi þá skýringu sem kemur fram í 13. gr. aðfararorða reglugerðarinnar en þar segir orðrétt:

Með hliðsjón af sérstökum aðstæðum **örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja** er sett fram undanþága í þessari reglugerð varðandi skráhald fyrirtækja með færri en 250 starfsmenn.

Um þessar mundir er 29. gr. hópur Evrópusambandsins að leggja nánara mat á umfang undanþágunnar. Eðlilegt er í framkvæmd að taka mið af þeirri undanþágu.⁴ Tillagan felur því í sér íþyngjandi sérreglu fyrir mörg fyrirtæki sem falla utan skyldunnar skv. reglugerðinni. Þess ber þá að geta að reglugerðin veitir aðildarríkjum ekki svigrúm við innleiðingu umræddrar undanþágu og í ljósi þess forgangs sem reglugerðinni er veitt í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsdraganna skapar þetta óvissu. Samtökin leggja því **ríka** áherslu á að gert verði ráð fyrir þeirri undanþágu sem reglugerðin heimilar enda standa ekki rök til annars.

9 Leyfisskylda og ráðgjöf

Í 31.- 33. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um leyfisskylda vinnslu en slíka skyldu er ekki að finna í reglugerðinni. Ákvæðin fela því í sér viðbótarskyldur á íslenska ábyrgðaraðila. Auk þess eru ákvæðin matskennd og skapa ákveðna óvissu þegar kemur að túlkun um hvenær slík leyfi eru nauðsynleg. Fyrirsjáanlegt er að í mörgum tilvikum muni fyrirtæki sækja um leyfi til öryggis og mun það hafa í för með sér óþarfa álag á Persónuvernd sem á grundvelli nýrrar löggjafar þarf að sinna ýmsum nýjum verkefnum hratt og örugglega. Samtökin hafa þá helst áhyggjur af málshraða þegar kemur að málsmeðferð og útgáfu leyfa af framangreindum toga. Auk þess má nefna að ákvæðin um leyfisskyldu eru ekki í anda þeirra sjónarmiða sem eru undirliggjandi í nýjum persónuverndarlögum um að færa eigi frumkvæðið að því að sýna fram á reglufylgni yfir

² Að mati samtakanna liggur ekki skýrlega fyrir hvort með 26. gr. frumvarpsdraganna sé lagt til að undanþáguheimildir 30. gr. reglugerðarinnar eigi ekki að gilda. Hægt er að færa fyrir því rök að 3. mgr. 5. gr. frumvarpsdraganna leiði til þess að undanþáguheimildirnar haldi gildi sínu. Þar sem að fulltrúar starfshópsins sem samdi frumvarpsdrögin hafa svarað því til að tilgangur ákvæðisins sé að enginn ábyrgðaraðili og vinnsluaðili verði undanþegin því að halda skrá yfir vinnslustarfsemi sína er gengið út frá þeirri túlkun hér.

³ Sjá m.a. *Vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ísland og alþjóðlegur samanburður*, Litla Ísland 2013, bls. 2.

⁴ Sjá: <https://ico.org.uk/for-organisations/guide-to-the-general-data-protection-regulation-gdpr/accountability-and-governance/documentation/>.

til fyrirtækjanna. Þá hefur ríkisstjórnin boðað einföldun regluverks og minna skrifræði og leyfisveitingar í atvinnulífinu. Gengur þetta fyrirkomulag þvert á þær yfirlýsingar.

Svipuðu máli gegnir um ákvæði 30. gr. um fyrirframsamráð, en skylda um fyrirframsamráð byggir líka á matskenndu ákvæði og því ástæða til að ætla að einhverjir muni senda Persónuvernd beiðnir um fyrirframsamráð til að tryggja sig og hugsanlega þurfa að bíða vikum saman til þess eins að vera upplýstir um að þeir hafi ekki þurft að hafa samráð við stofnunina. Í slíkum tilvikum er ekki síður nauðsynlegt að aðilar fái skjót viðbrögð við beiðnum af þessum toga.

Samtökin leggjast alfarið gegn því að leggja auknar skyldur á fyrirtæki og skapa viðbótarverkefni fyrir Persónuvernd. Að mati samtakanna **liggja engin rök fyrir því að gengið sé lengra með þessum hætti hér á landi.**⁵

10 Persónuverndarfulltrúi

Í reglugerðinni er talað um að skyldan nái til opinberra yfirvalda og stofnana en í 1. tl. 35. gr. frumvarpsdraganna er talað um að skyldan nái einungis til stjórnvalda. Leiðréttu þarf þetta misræmi.

Þá er ástæða til þess að tilgreina sérstaklega í frumvarpstexta að sjálfstæð fyrirtæki geti skipað einn og sama persónuverndarfulltrúann, enda standi hagsmunaárekstur því ekki í vegi. Frumvarpsdrögin gera aðeins ráð fyrir því að fyrirtækjasamstæður geti nýtt sama persónuverndarfulltrúann sem og stjórnvöld.

11 Þagnarskylda persónuverndarfulltrúa

Afmarka þarf nánar þagnarskyldu persónuverndarfulltrúa skv. 36. gr. frumvarpsdraganna. Ekki er tekið á því í frumvarpsdrögunum hvernig ábyrgð sé hagað þegar persónuverndarfulltrúi rýfur þagnarskyldu sína gagnvart hinum skráða eða vinnuveitanda sínum. Samtökin vilja benda á að í ljósi þess hversu fáir einstaklingar á Íslandi uppfylla hæfisskilyrði sem gerð eru til persónuverndarfulltrúa er afar erfitt og kostnaðarsamt fyrir fyrirtæki að uppfylla skyldu sína í þessum efnum. Það er því til þess fallið að hella olíu á eldinn að láta brot á þagnarskyldu persónuverndarfulltrúa á hlutlægum grundvelli varða fangelsisvist. Að mati samtakanna á það fyrst og fremst að vera hlutverk ábyrgðaraðila að verja sig fyrir broti persónuverndarfulltrúa á þagnarskyldu með einkaréttarlegum samningum. Samtökin leggja því til að tilvísun til 36. gr. verði felld brott í 3. mgr. 48. gr. frumvarpsdraganna.

⁵ Einnig má benda á að í 3. mgr. 44. gr. er ráðgert að Persónuvernd geti sett sérstakar kvaðir um undirritun yfirlýsinga um þagnarskyldu þegar um er að ræða leyfisskylda vinnslu. Þegar höfð er í huga hin almenna ábyrgðarskylda vegna vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 23. gr. frumvarpsins, er vandséð hvaða sjálfstæða þýðingu þessi kvöð myndi hafa. Þá virðist í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins vera um að ræða misritun, en þar segir að „þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 34. gr.“ gildi ákvæði greinarinnar. Ákvæði 34. gr. segir hins vegar það eitt að um leyfi fyrir vísindarannsóknnum á heilbrigðissviði fari samkvæmt lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Tilvísunin virðist því fremur eiga við um það, þegar veitt er leyfi vegna starfsemi sem telst leyfisskyld vegna ákvæða 31. og 32. gr. Að sama skapi er í 32. gr. frumvarpsdraganna vísað til 35. gr. laganna en það ákvæði fjallar um persónuverndarfulltrúa. Tilvísunin á að öllum líkindum að vera til 35. gr. reglugerðarinnar um mat á áhrifum á persónuvernd. Loks er í 1. mgr. 33. gr. frumvarpsdraganna um skilmála Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga vísað til 34. gr. um leyfi fyrir vísindarannsóknnum á heilbrigðissviði en tilvísunin á líklega að vera til 31. gr. sem fjallar um leyfisskylda vinnslu.; Ef ekki væri fallist á kröfu samtakanna um að afnema leyfisskyldu þyrfti í öllu falli að kveða skýrar á um í hvaða tilfellum slíkt leyfi sé nauðsynlegt sem og hvernig ferlinu skv. 31. gr. á að vera háttáð. Jafnframt mætti tilgreina hvort ákvæðið ætti eingöngu við um ábyrgðaraðila þar sem ákvæðið tekur ekki á því, en orðalag 32. gr. ber með sér að svo sé.

12 Faggiltir vottunaraðilar

Grípa þarf strax til ráðstafana til að greiða úr þeim vandkvæðum sem tengjast starfsemi faggiltra vottunaraðila hér á landi en faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar uppfyllir ekki kröfur skv. Evrópulöggjöf, sbr. meðfylgjandi minnisblað um faggildingun, dags. 7. febrúar 2018. Mjög mikilvægt er að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að koma þessum málum í fullnægjandi horf og leggjast samtökin gegn því að sviðinu verði líkt og lagt er til í 37. gr. frumvarpsdraganna úthlutað frekari verkefnum á meðan svo er ekki. Þá vilja samtökin vekja athygli á því ósamræmi sem er í 5. tl. 43. gr. og 37. gr. frumvarpsdraganna en í þeirri fyrrnefndu er gert ráð fyrir að

Persónuvernd hafi heimild til að faggilda vottunaraðila en í þeirri síðarnefndu er hlutverk Persónuverndar einungis að veita faggildingarsviði Einkaleyfastofu umsögn í tengslum við faggildingun.

13 Stjórn Persónuverndar

Samtökin vilja einnig lýsa furðu sinni á því að gert sé ráð fyrir í 38. gr. frumvarpsdraganna að Skýrslutæknifélag Íslands sé eini einkaréttarlegi aðilinn sem tilnefni stjórnarmann í stjórn Persónuverndar. Auknar kröfur varðandi persónuupplýsingar starfsmanna og viðskiptavini leiða til þess að starfsemi Persónuverndar hefur í ríkara mæli áhrif á alla atvinnurekendur og eðlilegt að heildarsamtök íslenskra fyrirtækja beri ábyrgð á því að velja fulltrúa atvinnulífsins í stjórn. Ennfremur þarf að gæta að samsetningu stjórnarinnar og að vægi tæknimenntaðra verði aukið frá því sem verið hefur enda ljóst að viðfangsefni Persónuverndar eru ekki sist tæknilegs eðlis.

14 Gjaldtaka

Í 40. gr. frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir því að fyrirtæki og stofnanir standi undir kostnaði við eftirlit. Sú tilhögun er í andstöðu við meginreglu íslensks stjórnarsýsluréttar um að starfsemi hins opinbera séu veitt án þess að endurgjald komi fyrir. Samtökin vilja benda á að fyrirtæki þurfa að leggja í mikinn kostnað til að standast kröfur nýrra persónuverndarlaga, sem leggst hlutfallslega þyngst á lítil og meðalstór fyrirtæki. Þessi kostnaður bætist ofan á þær miklu kostnaðarhækkunarir sem íslenskt atvinnulíf hefur tekið á sig á undanförunum árum, m.a. í formi mikilla launahækkana, hækkuðu lífeyrisframlagi og sterks gengis. Það er því að bæta gráu ofan á svart þegar lagt er til að ríkisstofnunin Persónuvernd geti ákveðið að íslenskt atvinnulíf þurfi jafnframt, ólíkt samkeppnislöndum sínum, að greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti. **Mikilvægt er að stjórnvöld standi við gefin loforð og veiki ekki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja með þeim hætti sem lagt er til.**

Samtökin gera þó ekki athugasemd við að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerð um innheimtu þjónustugjalds vegna tiltekinna afmarkaðra verkefna Persónuverndar sem unnin eru að beiðni fyrirtækja, s.s. ljósritunar skjala. Þá vilja samtökin jafnframt benda á þegar heimilt er að innheimta þjónustugjald vegna þjónustu eins og hér um ræðir verður að tiltaka með skýrum og glöggum hætti í lögum hvaða þjónusta falli þar undir.⁶ Núverandi ákvæði er án afmörkunar og felur í sér of viðtækt framsal ríkisvalds til Persónuverndar að mati samtakanna.

⁶ *Álit umboðsmanns Alþingis nr. 1659/1996*: „[...] verður að gera þá kröfu, að skýrlega sé mælt fyrir um í lögum, ef ætlunin er, að heimild til innheimtu svonefndra þjónustugjalda taki jafnt til kostnaðar við hið almenna eftirlit og þjónustuverkefni, og þá á hvaða grundvelli eigi að ákveða gjald vegna hins almenna eftirlits.“

Álit umboðsmanns Alþingis nr. 2219/1997: „Gera verður þá kröfu að gjaldtaka fyrir þau verk, sem tollayfirvöldum er ætlað að sinna samkvæmt ákvæðum tollalaga eða annarra laga, styðjist við skýra lagaheimild. Er það skoðun mín að gera verði ríkar kröfur í þessu efni þegar um er að ræða störf tollstarfsmanna við tollskoðun vöru sem verður að telja eitt af frumverkefnum við tolfefirlit.“

15 Valdheimildir Persónuverndar

Í f-lið 1. mgr. 58. gr. reglugerðarinnar kemur fram að að Persónuvernd hafi „heimild til að fá aðgang að húsnæði ábyrgðaraðila og vinnsluaðila, þ.m.t. hvers kyns gagnavinnslubúnaði og aðferðum, í samræmi við réttarfarslög Sambandsins eða aðildarríkis.“ Í 2. mgr. 41. gr. frumvarpsdraganna segir „Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.“ Að mati samtakanna er **eðlilegt að settar verði nánari reglur um málsmeðferð** þar sem tekið verði m.a. á þessu atriði.

Í 2. mgr. 58. gr. reglugerðarinnar er eftirlitsyfirvöldum veittar ákveðnar heimildir til að gera ráðstafanir til úrbóta. Þar er eftirlitsyfirvöldum meðal annars veittur réttur til að takmarka og stöðva vinnslu þegar hún brýtur gegn reglugerðinni. Í 3. mgr. 41. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að gengið verði lengra hér á landi en þar er „Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að **stöðva til bráðabirgða starfsemi** viðkomandi og **innsigla starfstöð** hans þegar í stað.“ Að mati samtakanna er **ekki þörf á að ganga lengra með þessum hætti hér á landi**. Ef að verður, gera samtökin einnig athugasemdir við að ekki sé skilgreint í frumvarpsdrögnum hvernig slík stöðvun myndi eiga sér stað og að hvaða umfangi. Þannig er t.d. óvíst hvort allri starfsemi fyrirtækis yrði lokað eða einungis þeim hluta starfseminnar sem tekur til ólögmeðrar vinnslu persónuupplýsinga. Unnt væri að taka á þessu atriði í málsmeðferðarreglum.

16 Þagnarskylda Persónuverndar

Samtökin vilja benda á að þagnarskylduákvæði 44. gr. frumvarpsdraganna gengur mun skemur en t.d. 11. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007. Er ekki að sjá að settar hafi verið fram neinar röksemdir fyrir því hvers vegna vægari reglur eigi að gilda um þagnarskyldu starfsmanna Persónuverndar.

17 Dagsektir og refsíabýrgð

Um álagningu viðurlaga er fjallað í 148. gr. aðfararorða reglugerðarinnar en þar segir að þær skuli vera háðar viðeigandi réttarfarsreglum, skilvirkri réttarvernd og sanngjarnri málsmeðferð. Með tilkomu afar íþyngjandi stjórnvaldssektarákvæðis auk heimildar til hópmálsóknar (en slíkt ákvæði er ekki skyldubundið samkvæmt reglugerðinni) telja samtökin enga þörf vera á að ganga lengra með því að bæta við ákvæði um dagsektarheimild, sbr. 45. gr. frumvarpsdraganna. Auk þess fæst ekki séð hvaða rök eru fyrir því að **tvöfalda** eigi núverandi hámarksfjárhæð eins og lagt er til í frumvarpinu. Vakin er athygli á því að í danska frumvarpinu er ekki að finna viðbótar refsiviðurlög á borð við dagsektir. Þá er í danska frumvarpinu refsíákvæði sem heimilar allt að 6 mánaða fangelsi í þröngt afmörkuðum tilvikum sem er umtalsvert hófstílltara en þau 3 ár sem 48. gr. íslensku frumvarpsdraganna gerir ráð fyrir. Er því gert ráð fyrir að viðurlög við brotum á persónuverndarlögunum verði þyngri hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Samtökin telja mikilvægt að tryggja varnaðaráhrif laga en telja frumvarpsdrögin þó **ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná settu marki**.

18 Vinnsla persónuupplýsinga í atvinnutengdu samhengi (vinnuréttarsambandi)

Að mati samtakanna hefur ekki verið tekið tillit til vinnslu persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi við gerð frumvarpsins. Það er undirliggjandi markmið reglugerðarinnar að uppfæra löggjöfina til samræmis við nýja tækni sem auðveldar vinnslu persónuupplýsinga. Á meðan vinnsla persónuupplýsinga í markaðslegum tilgangi hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum hefur vinnsla persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi lítið sem ekkert breyst. Aðildarríkjunum er í 88. gr. frumvarpsdraganna veitt svigrúm til setningu sértækra reglna um vinnslu persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi er kunna að fela í sér undantekningar frá

ákvæðum reglugerðarinnar. Samtökin telja mikilvægt að það svigrúm verði nýtt með því að **lögfesta áþekkt ákvæði og er að finna í 12. gr. danska persónuverndarfrumvarpsins**. Ákvæðið er eftirfarandi með lauslegri þýðingu:

12. Vinnsla persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi skv. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. persónuverndarreglugerðarinnar má eiga sér stað ef vinnslan er nauðsynleg til að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila eða hins skráða, eða réttindi skv. öðrum lögum eða kjarasamningum.

Vinnsla persónuupplýsinga skv. 1. mgr. er einnig heimil, ef vinnslan er nauðsynleg vegna lögvarða hagsmuna sem ábyrgðaraðili gætir skv. öðrum lögum eða kjarasamningum nema réttindi hins skráða eða grundvallarréttindi og frelsi vegi þyngra.

Vinnsla persónuupplýsinga í vinnuréttarsambandi má eiga sér stað á grundvelli samþykkis í skilningi 7. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.

19 Takmarkanir á réttindum hinna skráðu

Það vekur athygli að í frumvarpsdrögum sé einungis lagt til að takmörkunarheimild 23. gr. reglugerðarinnar nái til fræðsluskyldu ábyrgðaraðila og réttis hins skráða til aðgangs að upplýsingum. Engar takmarkanir eru þannig gerðar á öðrum réttindum hinna skráðu, s.s. rétt til gagnflutninga.

Hvað varðar þær takmarkanir sem gerðar eru á fræðsluskyldunni og aðgangsréttinum þá má sjá að þær eru nær samhljóma þeim undantekningum sem tiltekna eru í reglugerðinni, ef frá er talið undantekningin er lýtur að ríkari hagsmunum annarra aðila.

Í reglugerðinni kemur fram að hægt sé að takmarka réttindi hinna skráðu með vísan í **vernd skráðs einstaklings eða réttindi og frelvis annarra**. Í íslensku frumvarpsdrögum er með sama hætti vísað til **verndar skráðs einstaklings** en í stað þess að vísa til réttinda og frelvis annarra þá er vísað til **brýnna almannahagsmuna eða grundvallarréttinda annarra**. Þá er þar að auki tekið fram að undantekningin geti átt við ef brýnir hagsmunir einstaklinga er tengjast upplýsingum vega þyngra.

Aðrir ábyrgðaraðilar en stjórnvöld, t.d. fyrirtæki og þá ekki hvað síst í tengslum við vinnuréttarsambandið kunna ekki síður en stjórnvöld að hafa nauðsyn á að takmarka réttindi einstaklinga skv. 12. – 22. gr. reglugerðarinnar við vinnuskjöl og önnur sambærileg gögn. Þetta á sérstaklega við um minnisþunkta, svo sem um starfsmannaviðtöl og samskiptasögu gagnvart viðskiptavinum og öðrum hagaðilum. Samtökin hafa ákveðnar efasemdir um að unnt væri að túlka „grundvallarréttindi annarra“ samkvæmt frumvarpsdrögum þannig að það gæti náð til slíkra vinnuskjala.

Í danska frumvarpinu er undanþágan frá aðgangsréttinum og fræðsluskyldunni mun viðtækari, þar sem kveðið er á um að aðgangsréttur hins skráða eigi ekki við þegar talið er að sá réttur skuli víkja fyrir „**einkahagsmunum annarra**“, í stað þrengra hugtaksins „**grundvallarréttindi**“ sem miðað er við í íslensku frumvarpsdrögum.

Að mati samtakanna er **rétt að setja samsvarandi takmarkanir frá aðgangsréttinum og fræðsluskyldunni og lagt er til í Danmörku**.

Í núgildandi lögum er að finna undanþágu frá upplýsingarétti hinna skráðu í 2. málslíð 3. mgr. þar sem segir að „[þ]egar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni **vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna** sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.“ Vinnuskjöl og sambærileg gögn njóta því sömu takmarkana frá aðgangsrétti í

tilviki stjórnvalda og annarra ábyrgðaraðila. Í athugasemdum í frumvarpi til nógildandi laga er sérstaklega tekið á þessu en þar segir að hjá einkaaðilum geti reynt á svipaða hagsmuni og hjá stjórnvöldum og af þeim sökum sé lagt til að sömu reglur gildi um aðgang að gögnum þeirra og gilda um aðgang að gögnum stjórnvalda hvað varðar innanhússögn og vinnugögn.

Í frumvarpsdrögum við **ný** persónuverndarlög er vísað til undanþágu frá aðgangi á grundvelli upplýsinga- og stjórnslulaga en aftur á móti er ekki að finna sambærilega undanþágu fyrir einkaaðila, líkt og er að finna í nógildandi lögum.

Í sænska frumvarpinu er hins vegar að finna ákvæði eins og nógildandi ákvæði íslensku laganna þannig að vinnugögn og sambærileg gögn eru undanþegin, bæði hjá stjórnvöldum og einkaaðilum.

Engin rök standa til þess að einkaaðilar eigi nú að standa höllum fæti hvað þetta varðar. Samtökin leggja því til að **samsvarandi undanþágu fyrir einkaaðila og er í gildi í dag verði í nýjum persónuverndarlögum.**

Stór hluti af þeim persónuupplýsingum sem vinnuveitendur vinna um starfsmenn sína hafa ekki þýðingu fyrir nýja vinnuveitendur starfsmannsins auk þess sem mikilvægir samkeppnishagsmunir kunna að standa í vegi fyrir því að slíkum upplýsingum sé miðlað. Að mati samtakanna er afar brýnt á grundvelli 23. gr. reglugerðarinnar, t.d. að **undanþiggja upplýsingar sem unnar eru um starfsmenn alfarið réttinum til að flytja eigin gögn.** Ef ekki verður fallist á það er mikilvægt að takmarka þann rétt og veita leiðbeiningar í greinargerðinni hvernig eigi að framkvæma flutningsréttinn í þessum tilvikum. Ef sú leið verður farin er t.d. unnt að líta til leiðbeininga 29. gr. starfshóps Evrópusambandsins um flutningsrétt en um þetta efni er t.d. fjallað þar á bls. 9.

Samtökin telja jafnframt að nýta eigi heimild 23. gr. reglugerðarinnar til að taka af allan vafa um að **upplýsinga- og aðgangsrétturinn kunni að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hins skráða** líkt og gert er í 2. mgr. 19. gr. núverandi persónuverndarlaga. Samtökin telja ekki nægjanlegt að miða einungis við að takmörkunin eigi við í tilviki afrita, sbr. 4. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

20 Tilkynningarskylda vegna öryggisbrots

Samtökin telja nauðsynlegt að nýtt sé heimild 23. gr. reglugerðarinnar til að takmarka tilkynningarskyldu skv. 34. gr. reglugerðarinnar að nokkru eða öllu í þeim tilvikum sem það er talið réttmætt með tilliti til hagsmuna annarra eða hinna skráðu.

21 Mat á áhrifum á atvinnulífið

Þá er einnig á mælisvert að ekki hafi farið fram mat á áhrifum á atvinnulífið við innleiðingu laganna. Telja samtökin það undarlegt og ekki í samræmi við samþykktir fráfarandi ríkisstjórnar frá 10. mars 2017 eða 3. gr. laga nr. 27/1999 um hvenær slíkt mat eigi að fara fram. Það liggur fyrir að löggjöfin mun hafa áhrif á öll starfandi fyrirtæki landsins og munu þau þurfa að standa skil á öllum þeim kostnaði sem innleiðingin felur í sér fyrir rekstur þeirra á mjög skömmum tíma.

Viðauki II – minnisblað Lárusar M.K. Ólafssonar, SVP um faggilta vottunaraðila

Reykjavík, 7. febrúar 2018

Samtökin benda á að í frumvarpinu, nánar tiltekið 37. gr., er sérstaklega fjallað um vottun og vottunaraðila á grundvelli laganna og reglugerðarinnar. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar (ISAC) hafi heimild, að fenginni umsögn Persónuverndar, til að faggilda vottunaraðila, sem gefur út vottun samkvæmt 42. gr. reglugerðarinnar. Í 2. mgr. ákvæðisins er svo tilvísun til skilyrða faggildingar, fyrirkomulag og efni vottunar en um þau atriði gilda fyrirmæli 42. og 43. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin eftirlitsverkefni en útvistun verkefna frá hinu opinbera til sjálfstætt starfandi aðila, á þeim sviðum þar sem einkaaðilar geta annast slík verkefni, er eitt af baráttumálum samtakanna. Því styðja samtökin allar aðgerðir sem falla í þá átt að stuðla að aukinni útvistun verkefna frá hinu opinbera. Í þessu samhengi benda samtökin á að faggiltar skoðunar- og prófunarstofur starfa eftir ströngum kröfum alþjóðlegra staðla um hlutleysi, verkferla og samræmi í framkvæmd verka. Faggiltar stofur hafa starfað hérlendis í tvo áratugi, s.s. á sviði bifreiðaskoðana, matvælaschoðana, rafskoðana, skipaskoðana og löggildinga mælitækja auk markaðsgæslu. Faggiltar skoðunarstofur hafa því fyrir löngu sannað gildi sitt sem öruggur og hagkvæmur kostur á sviði eftirlits. Þrátt fyrir að starfsemi faggiltra fyrirtækja grundvallist á ströngum skilyrðum og aðhaldi með þeirri starfsemi þá virðist sem brotalöm sé hvað varðar eftirfylgni stjórnvalda með þeim kröfum sem á þeim hvíla á þessu sviði.

Í þessu samhengi benda samtökin á að víða er í frumvarpinu vísað til hlutverka faggiltra vottunaraðila til viðbótar við heimild ISAC til að veita faggildingu á þessu sviði, án þess þó að í frumvarpinu sé gerð grein fyrir hvort íslensk stjórnvöld séu til þess bær að annast þau verkefni. Að mati samtakanna er uppi óvissa um hæfi innlendra stjórnvalda til að hafa eftirlit með og annast stjórnvöld varðandi tilkynnta aðila og samræmismat. Athugasemd þessari til frekari stuðnings vísast hér m.a. til fullyrðinga á bls. 331-332 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 þar sem segir eftirfarandi: „*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur nú að aðgerðaáætlun til að endurskoða frá grunni starfsemi faggildingar á Íslandi enda liggur fyrir að það mun þurfa verulegt átak á næstu árum til að koma málefnum faggildingar á Íslandi í gott horf. Sviðið uppfyllir ekki nokkrar grundvallarkröfur sem gerðar eru til faggildingar samkvæmt Evrópureglum og er framlagi þessu ætlað að tryggja þá þætti í starfsemi stofnunarinnar.*“ Benda samtökin á að enn hefur ekki verið gengið í það verk koma þessum málefnum í fullnægjandi horf og því má ætla að sama óvissa sé uppi um hæfi stjórnvalda á þessu sviði líkt og þegar umrætt frumvarp til fjárlaga var lagt fram.

Samtökin vekja athygli nefndarinnar á að skyldur stjórnvalda á sviði faggildingar grundvallast m.a. á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93. Reglugerð þessi var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðisins með ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin leggur ýmsar skyldur á herðar stjórnvalda s.s. þá skyldu að undirgangast svokallað jafningjamat, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, um með umræddu mati er sannreynt og staðfest að faggildingarstofur aðildarríkja EES-samningsins starfi að faggildingarmálum líkt og aðrar faggildingarstofur ríkjanna. Hins vegar ISAC enn ekki

undirgengist jafningjamat og því uppfyllir íslenska ríkið ekki kröfur áður nefndar reglugerðar nr. 765/2008. Sem afleiðing þessa er að faggildingar sem koma frá ISAC teljast ekki gildar faggildingar og ekki unnt að byggja á þeim sem slíkum. Að sama skapi er ekki unnt að byggja ákvarðanir tilkynnta aðila á faggildingu frá ISAC. Að sama skapi er því álitamál hvaða gildi samræmismat hefur á grundvelli stjórnsýslu faggildingar hér á landi.

Er því ljóst að starfsemi ISAC sem og ákvarðanna stofunnar, s.s. er varða tilkynnta aðila líkt og fjallað er um í frumvarpi því sem hér er til skoðunar, er dæmd til þess að vera marklaus verði ekki tryggt að starfsemi ISAC verði komið í rétt horf og kröfur reglugerðar nr. 765/2008 verði uppfylltar. Þessu til viðbótar má draga þá ályktun að opinbert markaðseftirlit uppfylli ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru til þess á grundvelli EES-gerða og því er uppi verulegt álitamál um lögmæti þess í núverandi ástandi. Þess ber að geta að SVP – Samtök verslunar og þjónustu sendu kvörtun á Eftirlitsstofnun EFTA vegna starfsemi ISAC og tók stofnunin undir ábendingar samtakanna um þá ágalla sem uppi eru hvað þetta varðar.

Því gagnrýna samtökin að í frumvarpi þessu séu lögð til ákvæði um starfsemi faggiltra vottunaraðila og heimild ISAC til að annast faggildingu sem ekki stenst að óbreyttu þær kröfur sem til þess eru gerðar. Telja samtökin að innleiðing á faggiltu vottunarkerfi mun ekki að nást fram á meðan enn hafi ekki verið innleiddar þær kröfur sem gerðar eru til stjórnsýslu faggildingar og að stjórnvöld tryggi að ISAC undirgengist áður nefnt jafningjamat. Þar til mun starfsemi faggildingaryfirvalda hér á landi vera marklaus sem og þau ákvæði frumvarpsins sem kveða á um starfsemi tilkynnta aðila og samræmismat. Til að tryggja markmið frumvarpsins á þessu sviði þarf því að tryggja eftirfylgni íslenska ríkisins með þeim samningsskuldbindingum sem á því hvílir vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Til að tryggja eftirfylgni með reglugerðinni og innleiðingu á starfsemi faggiltra vottunaraðila þá er mikilvægt að taka til skoðunar á hvaða hátt unnt er að framfylgja þeirri skyldu stjórnvalda að tryggja slíka faggilta starfsemi. Nærtækast liggur fyrir að stjórnvöld grundvalli slíka faggildingu, þar til ISAC undirgengst viðunandi jafningjamat, á úttekt erlendra faggildingaryfirvalda. Hins vegar er ljóst að slíkt fyrirkomulag kann að fela í sér viðbótarkostnað á héraend fyrirtæki. Því er mikilvægt að tekið verði til skoðunar á hvaða hátt unnt verði að gera þau fyrirtæki skaðlaus hvað þann kostnað varðar sem alfarið er tilkominn vegna aðgerðarleysis innlendra stjórnvalda og tómlæti hvað varðar eftirfylgni með kröfum á sviði faggildingar.

Þá liggur einnig fyrir að ljúka þarf vinnu við gjaldskrá ISAC sem staðið hefur yfir allt frá árinu 2011 án þess að niðurstaða hafi fengist í það mál. Að óbreyttu er því gjaldtaka ISAC í engu samræmi við þá þjónustu sem sviðinu ber að veita.

Minnisblað

Sendandi: SVP - Samtök verslunar og þjónustu

Móttakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Dags.: 4. júní 2018

Efni: Persónuvernd og faggilding

Samtökin benda á að í frumvarpinu, nánar tiltekið 37. gr., er sérstaklega fjallað um vottun og vottunaraðila á grundvelli laganna og reglugerðarinnar. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar (ISAC) hafi heimild, að fenginni umsögn Persónuverndar, til að faggilda vottunaraðila, sem gefur út vottun samkvæmt 42. gr. reglugerðarinnar. Í 2. mgr. ákvæðisins er svo tilvísun til skilyrða faggildingar, fyrirkomulag og efni vottunar en um þau atriði gilda fyrirmæli 42. og 43. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum tiltekin eftirlitsverkefni en útvistun verkefna frá hinu opinbera til sjálfstætt starfandi aðila, á þeim sviðum þar sem einkaaðilar geta annast slík verkefni, er eitt af baráttumálum samtakanna. Því styðja samtökin allar aðgerðir sem falla í þá átt að stuðla að aukinni útvistun verkefna frá hinu opinbera. Í þessu samhengi benda samtökin á að faggiltar skoðunar- og prófunarstofur starfa eftir ströngum kröfum alþjóðlegra staðla um hlutleysi, verkferla og samræmi í framkvæmd verka. Faggiltar stofur hafa starfað hérlandis í tvo áratugi, s.s. á sviði bifreiðaskoðana, matvælskoðana, rafskoðana, skipaskoðana og löggildinga mælitækja auk markaðsgæslu. Faggiltar skoðunarstofur hafa því fyrir löngu sannað gildi sitt sem öruggur og hagkvæmur kostur á sviði eftirlits. Þrátt fyrir að starfsemi faggiltra fyrirtækja grundvallast á ströngum skilyrðum og aðhaldi með þeirri starfsemi þá virðist sem brotalöm sé hvað varðar eftirfylgni stjórnvalda með þeim kröfum sem á þeim hvíla á þessu sviði.

Í þessu samhengi benda samtökin á að víða er í frumvarpinu vísað til hlutverka faggiltra vottunaraðila til viðbótar við heimild ISAC til að veita faggildinguna á þessu sviði, án þess þó að í frumvarpinu sé gerð grein fyrir hvort íslensk stjórnvöld séu til þess bær að annast þau verkefni. Að mati samtakanna er uppi óvissa um hæfi innlendra stjórnvalda til að hafa eftirlit með og annast stjórnvöld varðandi tilkynnta aðila og samræmismat. Athugasemd þessari til frekari stuðnings vísast hér m.a. til fullyrðinga á bls. 331-332 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 þar sem segir eftirfarandi: „*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur nú að aðgerðaáætlun til að endurskoða frá grunni starfsemi faggildingar á Íslandi enda liggur fyrir að það mun þurfa verulegt átak á næstu árum til að koma málefnum faggildingar á Íslandi í gott horf. Sviðið uppfyllir ekki nokkrar grundvallarkröfur sem gerðar eru til faggildingar samkvæmt Evrópureglum og er framlagi þessu ætlað að tryggja þá þætti í starfsemi stofnunarinnar.*” Benda samtökin á að enn hefur ekki verið gengið í það verk koma þessum málefnum í fullnægjandi horf og því má ætla að sama óvissa sé uppi um hæfi stjórnvalda á þessu sviði líkt og þegar umrætt frumvarp til fjárlaga var lagt fram.

Samtökin vekja athygli allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis á að skyldur stjórnvalda á sviði faggildingar grundvallast m.a. á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildinguna og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93. Reglugerð þessi var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðisins með ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin leggur ýmsar skyldur á herðar stjórnvalda s.s. þá skyldu að undirgangast svokallað jafningjamat, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, um með umræddu mati er sannreynt og staðfest að faggildingarstofur aðildarríkja EES-samningsins starfi að faggildingarmálum líkt og aðrar faggildingarstofur ríkjanna. Hins vegar hefur ISAC enn ekki undirgengist jafningjamat og því uppfyllir íslenska ríkið ekki kröfur áður nefndar reglugerðar nr. 765/2008. Sem afleiðing

Þessa er að faggildingar sem koma frá ISAC teljast ekki gildar faggildingar og ekki unnt að byggja á þeim sem slíkum. Að sama skapi er ekki unnt að byggja ákvarðanir tilkynntra aðila á faggildingu frá ISAC. Að sama skapi er því álitamál hvaða gildi samræmismat hefur á grundvelli stjórnsýslu faggildingar hér á landi.

Er því ljóst að starfsemi ISAC sem og ákvarðanna stofunnar, s.s. er varða tilkynnta aðila líkt og fjallað er um í frumvarpi því sem hér er til skoðunar, er dæmd til þess að vera marklaus verði ekki tryggt að starfsemi ISAC verði komið í rétt horf og kröfur reglugerðar nr. 765/2008 verði uppfylltar. Þessu til viðbótar má draga þá ályktun að opinbert markaðseftirlit uppfylli ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru til þess á grundvelli EES-gerða og því er uppi verulegt álitamál um lögmæti þess í núverandi ástandi. Þess ber að geta að SVP – Samtök verslunar og þjónustu sendu kvörtun á Eftirlitsstofnun EFTA vegna starfsemi ISAC og tók stofnunin undir ábendingar samtakanna um þá ágalla sem uppi eru hvað þetta varðar. Til upplýsingar þá er að störfum sérstakt faggildingarráð skipað fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs, og komið var á kjölfar áður nefndrar kvörtunar, sem hefur það verkefni m.a. að móta tillögur um það með hvaða hætti ISAC er unnt að undirgangast þær kvaðir sem umrætt jafningjamat og regluverk á því sviði felur í sér.

Því gagnrýna samtökin að í frumvarpi þessu séu lögð til ákvæði um starfsemi faggiltra vottunaraðila og heimild ISAC til að annast faggildingu sem ekki stenst að óbreyttu þær kröfur sem til þess eru gerðar. Telja samtökin að innleiðing á faggiltu vottunarkerfi mun ekki að nást fram á meðan enn hafi ekki verið innleiddar þær kröfur sem gerðar eru til stjórnsýslu faggildingar og að stjórnvöld tryggi að ISAC undirgangist áður nefnt jafningjamat. Þar til mun starfsemi faggildingaryfirvalda hér á landi vera marklaus sem og þau ákvæði frumvarpsins sem kveða á um starfsemi tilkynnta aðila og samræmismat. Til að tryggja markmið frumvarpsins á þessu sviði þarf því að tryggja eftirfylgni íslenska ríkisins með þeim samningsskuldbindingum sem á því hvílir vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Til að tryggja eftirfylgni með reglugerðinni og innleiðingu á starfsemi faggiltra vottunaraðila þá er mikilvægt að taka til skoðunar á hvaða hátt unnt er að framfylgja þeirri skyldu stjórnvalda að tryggja slíka faggilta starfsemi. Nærtækast liggur fyrir að stjórnvöld grundvalli slíka faggildingu, þar til ISAC undirgengst viðunandi jafningjamat, á úttekt erlendra faggildingaryfirvalda. Hins vegar er ljóst að slíkt fyrirkomulag kann að fela í sér viðbótarkostnað á héraend fyrirtæki. Því er mikilvægt að tekið verði til skoðunar á hvaða hátt unnt verði að gera þau fyrirtæki skaðlaus hvað þann kostnað varðar sem alfarið er tilkominn vegna aðgerðarleysis innlendra stjórnvalda og tómlæti hvað varðar eftirfylgni með kröfum á sviði faggildingar.

Þá liggur einnig fyrir að ljúka þarf vinnu við gjaldskrá ISAC sem staðið hefur yfir allt frá árinu 2011 án þess að niðurstaða hafi fengist í það mál. Að óbreyttu er því gjaldtaka ISAC í engu samræmi við þá þjónustu sem sviðinu ber að veita.

Að gefnu tilefni benda samtökin á að þau hafa áður vakið athygli á þessu tiltekna álitamál, bæði á kynningarfundum um frumvarpsdrögin sem og í minnisblaði um þau drög sem send voru á dómsmálaráðuneyti í kjölfar fundarins. Af athugasemdum í fyrirliggjandi frumvarpi til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga má ráða að ráðuneytið hafi tekið tillit til þeirra ábendinga hvað varðar ágalla á sviði faggildingar, sbr. umfjöllun á bls. 50. Hins vegar grundvallast sú fullyrðing frumvarpshöfunda ekki á þeim athugasemdum sem samtökin höfðu fram að færa hvað þetta varðar, og/eða á misskilningi á þeim athugasemdum, og því standa ábendingar samtakanna eftir óhaggaðar hvað þessi mál varðar.